



Fréttabréf

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Október 2012

Stjórn foreldrafélagsins
veturinn 2012-2013:

Formaður:

Linda Björk Sigurðardóttir
lifsol@hotmail.com

Varaformaður:

Óskar Gunnarsson
oskar.gunnarsson@or.is

Ritari:

Ægir Sigurðsson
aegirsig@gmail.com

Gjaldkeri:

Aðalbjörg Skúladóttir
adalbjorg.skuladottir@landsbankinn.is

Meðstjórnandi:

Helena Herborg
Guðmundsdóttir
helenaherborg@gmail.com

Meðstjórnandi:

Hanna Rut Samúelsdóttir
hanna_rut@hotmail.com

Varamaður:

Anne B. Hansen
smjordalir@simnet.is

Frá 2. fundi foreldrafélagsins skólaárið 2012-2013

Rætt um **forvarnir**. Anne hefur verið í samskiptum við fræðslustjóra vegna skipulagningar á fyrirlestri tengdum forvörnum. Einnig hefur hún verið í samskiptum við Gunnar hjá Árborg og Hermann deildarstjóra unglingastigs í Sunnulækjarskóla. Vilji er innan foreldrafélagsins til að vinna markvisst að forvörnum. Linda leggur til að þegar fulltrúar foreldrafélags funda með hinum ýmsu aðilum í ráðhúsi Árborgar fari fleiri en einn fulltrúi frá foreldrafélagi.

Rætt um ástæður þess að Árborg skoði að segja sig úr **skólaskrifstofu**. Skilningur foreldrafélags er að Árborg sé enn að hugsa það mál. Rætt í framhaldi lítillaga um hlutverk skólaskrifstofunnar.

Rætt um mikilvægi þess að Sunnulækjarskóli og skólar almennt sýni gott fordæmi varðandi **flokkun sorps**. Meðal annars varðandi það hversu miklu er hent af mat í skólanum. Linda tekur að sér að ræða málin við Bingi skólastjóra.

Útiildun. Þurfum að sækja búnað og afhenda skólanum formlega. Í framhaldi þarf að ákveða hverjir nota og sjá um búnaðinn.

Rætt um **foreldrarölt**. Beðið er eftir svörum frá Vallaskóla, í framhaldi verður foreldraröltið skipulagt.

Skólaráð. Foreldrafélagið þarf að kjósa fulltrúa foreldra í skólaráð. Á síðasta ári voru þessir fulltrúar Ólafur Unnarsson og María Karen Ólafsdóttir. Ólafur vill vera áfram en Ægir tekur að sér að ræða við Maríu Karen um hvort hún vilji vera áfram.

Nemendafélagið. Hermann og hans fólk vill funda með foreldrafélagi. Ákveðið að boða þau á næsta fund.

Rætt um að senda út **árgjald foreldrafélagsins**. Ákveðið að setja ekki kostnað ofan á árgjaldið og senda aðeins út rafrænt.

Ákveðið að **næsti fundur** verði 14. nóvember.

Foreldrafélagið á facebook



Á síðasta stjórnarfundum foreldrafélagsins var ákveðið að stofna facebooksíðu fyrir félagið. Markmiðið er að auðvelda samskiptin á milli foreldra og minnka vinnu við að uppfæra heimasíðu félagsins.

Upplýsingar eins og lög, skólaráð, foreldrarölt o.fl eru vistaðar sem glósur. Einnig hafa verið settir inn viðburðir og fréttabréf frá síðasta skólaári.

Auðveldara verður að koma ábendingum til okkur eða opna fyrir umræður. Munum svo bara að vera til fyrirmyndar í samskiptum á þessum vinsæla samskiptamiðli.

Facebooksíðan er opin öllum hvort sem þeir eru facebook-meðlimir eða ekki.

Árgjald



Innheimtukröfur vegna árgjalda í foreldrafélagið hafa nú verið stofnaðar og eiga að sjást í heimabönkum foreldra. Árgjaldið er 1000kr. á heimili og er hér um frjáls framlög að ræða. Ef seðlarnir eru ekki greiddir falla þeir úr gildi eftir ákveðinn tíma. Þessir seðlar eru sendir út einu sinni á ári. Takk fyrir stuðninginn.

Laus staða fulltrúa foreldra í skólaráði

Við auglýsum eftir fulltrúa foreldra sem væru til í að sitja í skólaráði næstu tvö árin. Upplýsingar um hlutverk skólaráðs má finna [hér](#). Áhugasama biðjum við að hafa samband við Lindu lifsol@hotmail.com.